Fundargerð

1241. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,

24. október 2019, kl. 08:00

Viðstaddir:

**Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Ólöf A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.**

* * *

**1. Suðurnesjalína 2 (2019050744)**

Á fundinn mættu Sverrir Jan Norðfjörð framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs, Smári Jóhannsson verkefnastjóri og Hlín Benediktsdóttir yfirmaður undirbúningsframkvæmda frá Landsneti og kynntu málið.

**2. Rekstaruppgjör janúar til ágúst (2019050497)**

Á fundinn mætti Regína Fanný Guðmundsdóttir fjármálastjóri og fór yfir rekstaruppgjörið.

**3. Fjárhagsáætlun 2020-2023 (2019070112)**

Lögð fram drög að bréfi til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga varðandi fjárfestingaáætlun Reykjanesbæjar 2020. Bæjarráð samþykkir drögin. Regína Fanný Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn.

**4. Aðalfundur Reykjanes jarðvangs ses. 28. október 2019 (2019100297)**

Aðalfundarboð Reykjanes jarðvangs ses. lagt fram. Bæjarráð felur Þórdísi Ósk Helgadóttur forstöðumanni Súlunnar að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundinum.

**5. Barnaþing sveitarfélaga (2019100314)**

Boðsbréf á barnaþing Umboðsmanns barna lagt fram. Á fundinn fara 7 börn úr sveitarfélaginu. Bæjarfulltrúar hvattir til að mæta á þingið.

**6. Fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2020 (2019100311)**

Bæjarráð samþykkir að styrkja Stígamót um kr. 100.000. Tekið af bókhaldslykli 21-011.

**7. Samtök um kvennaathvarf - Umsókn um rekstarstyrk 2020 (2019100326)**

Bæjarráð samþykkir að styrkja Samtök um kvennaathvarf um kr. 200.000. Tekið af bókhaldslykli 21-011.

**8. Minningagarðar (2019090645)**

Bæjarráð tekur vel í erindið og er tilbúið að leggja til svæði að öllum skilyrðum uppfylltum. Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

**9. Umsagnarmál frá nefndarsviði Alþingis (2019050801)**

Frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál.
https://www.althingi.is/altext/150/s/0029.html

Umsagnarmál lagt fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.10